

17. gr.

*Gildistaka.*

Lög þessi taka gildi 1. september 2001. Jafnframt falla brott lög um vöruflytninga á landi, nr. 47/1994, með síðari breytingum, lög um skipulag á fólksflytningum með hópferðabifreiðum, nr. 13/1999, og lög um samsetta flytninga o.fl. vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, nr. 33/1995.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Leyfi til fólksflytninga með hópferðabifreiðum, sem gefin hafa verið út samkvæmt eldri lögum, halda gildi sínu samkvæmt lögum þessum þar til gildistími þeirra er útrunninn eða leyfið fellur niður skv. 15. gr. laganna.

Handhafar sérleyfa samkvæmt eldri lögum skulu að jafnaði sitja fyrir um endurúthlutun sérleyfa á viðkomandi sérleyfisleið fram til ársins 2005. Endurúthlutuð leyfi skulu ekki gilda lengur en til 1. ágúst 2005 og skal þá efnt til útboðs á öllum sérleyfum.

Þeir sem stunda vöruflytninga með ökutækjum skv. 1. gr. gegn gjaldi við gildistöku laga þessara skulu uppfylla skilyrði laganna og afla sér leyfis Vegagerðarinnar samkvæmt lögum þessum eigi síðar en 31. desember 2001.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Davíð Oddsson.***LÖG****um breytingu á skipulags- og byggingarlögum,  
nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „1. september 2001“ í 4. málsl. 10. tölul. í ákvæði til bráðabirgða í lögunum kemur: 1. júlí 2001.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 31. maí 2001.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Siv Friðleifsdóttir.*